

Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fundargerð 13.fundur skólanefndar
7.september 2004 – haldin fundarherbergi skólans

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Eyþór Benediktsson, Björg Ágústsdóttir, Sigríður Finsen, Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson og Vilhjálmur Gunnarsson áheyrnarfulltrúi kennara.

Formaður setti fund kl. 16:00 og bauð fundarmenn velkomna.í upphafi fundar þakkaði formaður skólameistara og aðstoðarskólameistara fyrir góðan undirbúning að setningu og upphafi skólans.

Dagskrá fundarins:

1. Skólabyrjun
 2. Fjármál og skólasamningur
 3. Fastur fundartími skólanefndarfunda
 4. Önnur mál
-
- 1) Skólameistari upplýsti að skólinn hefði farið vel af stað, engin vandamál hafa komið upp sem ekki hefur verið hægt að leysa. Tölvukerfin virka vel, ljóst er að kerfisstjórinn og hans aðstoðarmenn hafa unnið mjög gott starf. Áætlað er að halda foreldrafund fljótlega.
 - 2) Fjármál skólans : Guðbjörg kynnti drög að skólasamningi, sérstaklega kafla sem fjallar um hlutverk, markmið og áherslur í starfi. Nefndarmenn skili athugasemdum ef einhverjar eru til skólameistara. Gengið verður frá skólasamningi í samvinnu við Menntamálaráðuneytið. Guðbjörg kynnti fjárhagsáætlun fyrir skólann mánuðina ágúst til desember 2004, ljóst er að aukna fjárveitingu þarf miðað við upphaflega áætlun.
 - 3) Samþykkt að fastur fundartími skólanefndar verði framvegis 3ja þriðjudag í mánuði kl 16:30. Með þeirri undantekningu þó að næsti fundur verður þriðjudag 5.október og síðan 3ja þriðjudag í nóvember þar á eftir.
 - 4) Önnur mál :
 - a) Ákveðið að framvegis verði starfsmaður skólans fundarritari á fundum skólanefndar.
 - b) Fundargerðir verði framvegis sendar til bæjar og sveitarstjórna á svæði skólans.
 - c) Svör sveitarfélaganna vegna skólaaksturs eru væntanleg.
 - d) Ákveðið hefur verið að skólahúsið verði vígt föstudaginn 7.janúar 2005.

Fleira gerðist ekki
fundi slitið